

Fundarnúmer:	545
Dagsetning:	16.06.2008
Tími:	11:00
Staður:	Skrifstofa sveitarstj.

545. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 16. júní 2008 kl. 10:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns byggðarráðs.
2. Íþróttavallarsvæði í Kirkjuhvammi. Sveinn Benónýsson, íþrótt- og tómstundafulltrúi.
3. Bréf Styrktarsjóðs EBÍ.
4. Erindi Guðrúnar Láru Magnúsdóttur, leikskólastjóra.
5. Bréf framkvæmdastjóra SSNV.

Afgreiðslur:

1. Lögð var fram tillaga um að Elín Líndal verði formaður byggðarráðs og Guðný Helga Björnsdóttir verði varaformaður byggðarráðs. Samþykkt með tveimur atkvæðum.
2. Sveinn Benónýsson íþrótt- og tómstundafulltrúi mætir á fundinn til umræðna um ástand íþróttavalla í Kirkjuhvammi. Fram kom að íþróttavellir eru tilbúnir til notkunar.
3. Lagt fram bréf frá Styrktarsjóði EBÍ varðandi umsóknir 2008. Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn í styrktarsjóðinn í samráði við SSNV atvinnuþróun.
4. Erindi Guðrúnar Láru Magnúsdóttur, leikskólastjóra. Guðrún sækir um að fá að fjölga starfsgildum um 75% stöðugildi vegna stuðnings við fatlaða og um 75% stöðugildi í níu mánuði á ári vegna fjarnáms starfsmanna. Byggðarráð samþykkir erindið.
5. Lagt fram bréf SSNV, þar sem tilkynnt er um breytingu á fulltrúafjölda á ársþing SSNV.

Samþykkt að taka á dagskrá.

6. Fundarboð frá Norðvesturnefndinni, sem boðar til fundar á Blönduósi fimmtudaginn 19. Júní kl: 11:00. Byggðarráð lýsir vonbrigðum sínum með tillögur nefndarinnar sem innibera afskaplega litlar breytingar til styrkingar atvinnulífs í Húnaþingi vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:20

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari(sign.),
Elín R. Líndal(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).